

Nánari útfærsla á agiferli Setbergsskóla

Agaferrill SMT er virkjaður þegar nemandi fer ekki eftir reglum skólans.

1. stig: Brot á skólareglu: Minni háttar atvik þar sem starfsmenn skólans taka strax á málum. Starfsmaður minnir á skólareglu og gefur skýr fyrirmæli, setur orð á reglu.

Dæmi: „Verum tilbúin með námsgögn“. Nemandi fer eftir fyrirmælum og málið er leyst.

Afleiðingar á 1. stigi: Nemendur fá viðvörðun og eru beðnir um að greina frá og sýna æskilega hegðun við tilgreindar aðstæður. Hlutur tekinn af nemanda (þegar við á) og foreldri/forráðamaður sækir hann í skólann.

2. stig: Verði starfsfólk vart við endurtekin brot á 1. stigi er atburður skráður á skráningarblað sem 2. stigs brot. Atvikið er skráð í dagbókarhluta Mentor. Hakað er við að birta foreldrum og skráningarmiði afhentur umsjónarkennara. Einnig er tiltekið hvort um er að ræða agabrot samkvæmt 2. eða 3. stigi. Umsjónarkennari heldur saman skráningu fyrir sinn hóp. Mikilvægt er að fylla í alla reiti bæði á skráningarmiða og í mentor. Alltaf á að haka við að senda tilkynningu um færsluna til aðstandenda og umsjónarkennara. Einnig skal haka við að birta foreldrum. Þegar færslur um agabrot eru skráðar er mikilvægt að lýsing á atvikum sé hlutlaus og ekki gildishlaðin.

Afleiðingar á 2. stigi:

Reglan yfirfarin með nemanda. Starfsmaður kallar nemanda til sín samdægurs eða næsta dag og rifjar upp með honum regluna og leiðbeinir um viðeigandi hegðun.

Umsjónarkennari hefur alltaf samband við foreldra/forráðamenn eftir fjögur agabrot og skráir í dagbók nemanda að haft hafi verið samband heim. Umsjónarkennari boðar foreldra/forráðamenn til fundar eftir sex agabrot og er deildarstjóri og/eða námsráðgjafi þá hafður með í ráðum eftir þörfum. Lausn fundin, nemandi aðstoðaður við að leiðrétta hegðun.

Dæmi um íhlutun á 2. stigi:

- Nemandi bætir tjón sem hann veldur af ásetningi.
- Nemandi fær ekki að fara í frímínútur.
- Nemandi fær uppbótarverkefni.
- Nemandi missir ákveðin forréttindi.
- Samningur eða skólakort.
- Máli vísað til nemendaverndarráðs

3. stigs brot: Alvarleg hegðunarbrot

Alvarlegt ofbeldi eða brot sem ógna öryggi nemenda og/eða starfsfólki skólans. Síendurtekin truflun í kennslustund eða öðru skólastarfi.

Dæmi um alvarleg hegðunarbrot eru ofbeldi, skemmdarverk, þjófnaður, vímuefnanotkun, vopnaburður, varsla hættulegra hluta, stöðug truflun í kennslustundum, hótanir, brunakerfi sett af stað, ástundun. Skráð í mentor.

Afleiðingar á 3. stigi:

Nemandi fær skráningarmiða án viðvörunar. Máli er vísað til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra. Alltaf er haft samband við foreldra/forráðamenn. Foreldrar/forráðamenn eru boðaðir á fund með skólastjórnendum/umsjónarkennara/námsráðgjafa eins fljótt og auðið er.

- Málið yfirfarið og áframhald ákveðið af skólastjórnendum/umsjónarkennara/námsráðgjafa.
- Lausn/leið fundin til úrbóta.
- Viðurlög ákveðin samkvæmt reglum 3. stigs brota.
- Atvik skráð í samráði við skólastjórnendur.
- Málið yfirfarið og áframhald ákveðið af skólastjórnendum.

Dæmi um viðurlög á 3. stigi:

- Nemandi bætir tjón sem hann veldur af ásetningi.
- Nemandi vinnur utan bekkjar.
- Nemandi vísað úr kennslu á meðan málið er tekið fyrir.
- Tímabundin brottvísun eða önnur úrræði fundin.
- Forréttindamissir.
- Hlutir gerðir upptækir.
- Máli vísað til nemendaverndarráðs.
- Mál tilkynnt til eineltis- og forvarnateymis.
- Mál tilkynnt til fjölskylduþjónustu.
- Mál tilkynnt til Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu.
- Mál tilkynnt til lögreglu.